

**Sp.**

**331. Tillaga til þingsályktunar**

[172. mál]

um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu.

**Greinargerð.**

Á undangengnum áratug hefur Alþingi samþykkt, að ríkisstjórn hlutaðist til um, að gerðar yrðu sérstakar framkvæmdaáætlanir fyrir tiltekna landshluta. Hefur Efnahagsstofnunin — og nú væntanlega Framkvæmdastofnunin — unnið að þessum verkefnum.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir, að sérstök framkvæmdaáætlun sé gerð fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Þetta þýðir ekki, að Fjórðungssamband Norðurlands geti ekki tekið yfir bæði kjördæmi Norðurlands varðandi margs konar málefni.

Hins vegar telur flutningsmaður þessarar tillögu sjálfsgagt, að fyrir Norðurlandskjördæmi vestra sé gerð sérstök framkvæmdaáætlun, fyrst og fremst af þessum ástæðum:

1. Landshlutaáætlanir eru alls staðar miðaðar við einstakt kjördæmi, nema á Norðurlandi. Þar eru tvö kjördæmi sameinuð í Norðurlandsáætlun. Það er því eðlilegt, að kjördæmi séu aðskilin, í þessu tilliti.
2. Í nýjum lögum um Framkvæmdastofnun er gert ráð fyrir, að héraðssamtök heima fyrir hafi nokkur völd og fjárráð. Fyrir því er eðlilegt, að hvert kjördæmi hafi sitt sérstaka sjálfstæði.
3. Hið stöðuga og alvarlega atvinnuleysi, sem hefur verið í Norðurlandskjördæmi vestra á undanförunum árum, gefur fyllsta tilefni til, að sérstök framkvæmdaáætlun sé gerð fyrir kjördæmið með það fyrir augum, að atvinnuöryggi sé meira en verið hefur.

Þó að sérstakar aðgerðir hafi verið gerðar varðandi atvinnumál einstakra staða í kjördæminu, þá hefur engin sameiginleg áætlun verið gerð í þessu tilliti fyrir kjördæmið allt. Þessi tillaga, ef samþykkt yrði, mundi taka til alls kjördæmisins.

Hér er um að ræða landshluta, sem hefur orðið nokkuð á eftir öðrum landshlutum varðandi atvinnu- og efnahagsmál á síðustu áratugum. Það er því eðlilegt, að þetta vandamál sé tekið alveg sérstökum tókum.